

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Miðvikudaginn 21. október 1964.

Nr. 89/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Jóhanni Guðbjörnssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms vegna galla á rannsókn máls.

Dómur Hæstaréttar.

Dómprófum í máli þessu er áfátt í ýmsum greinum:

- 1) Vitnið Þráinn Sigurðsson var aldrei kvatt fyrir dóm til að bera vætti í málinu.
- 2) Ekkert af vitnum þeim, sem vætti gáfu, voru eiðfest, nema vitnið Guðmundur Marínó Guðjónsson Herbertsson.
- 3) Ákærði var ekki sjálfstætt yfirheyrður um málavöxtu, er hann fyrst kom fyrir dóm 23. júní 1963, heldur skirskotaði hann til vættis vitnisins Jóhanns Ingabórs Ingasonar, en viðurkenndi jafnframt nokkra áfengisneyzlu, eins og lýst er í héraðsdómi. Ekki var heldur til fulls ráðin bót á þessum annmörkum, þegar hann síðar gaf skýrslu í sakadómi Keflavíkur 17. október svo og 6. nóvember 1963, er honum voru kynnt vætti lögreglumannanna Skúla Thorarensens og Jóhanns Bergs Sveinssonar.
- 4) Vitnin Þráinn Sigurðsson og Jóhann Ingibórs Ingason voru ekki samprófuð um áfengisneyzlu ákærða, eftir

að þau hittu hann aftur, er hann hafði yfirgefið bifreiðina á Njarðargötu, en vætti þeirra að þessu leyti eru ekki á einn veg. Ákærði og vitnið Jóhann Ingipórs voru ekki heldur samprófuð um þetta atriði.

Vegna þessara galla á dómprófum verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómur sakadóms Keflavíkur 11. marz 1964.

Ár 1964, miðvikudaginn 11. marz, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Gunnari Guðbjörnssyni.

Mál þetta var þingfest og dómtekið fimmtudaginn 16. janúar s.l., en sökum mikilla anna við embættið hefur ekki unnizt tími til dóms, og var því málið dómtekið að nýju í dag.

Með ákæruskjali, útgefnu af saksóknara ríkisins 8. október 1963, er opinbert mál höfðað gegn Gunnari Jóhanni Guðbjörnsyni, Suðurgötu 6 í Keflavík, fyrir að aka um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1963 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 341 frá Sóltúni 2 í Keflavík um götur þar, m. a. að Bifreiðastöð Keflavíkur við Vatnsnesveg, að Aðalstöðinni við Hafnargötu og á Njarðargötu, þar sem ákærði yfirgaf bifreið sína.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á lögaldri sakamanna, fæddur 9. nóvember 1944
í Hafnarfirði, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-
um og refsingum:

1961 13/3 í Keflavík: Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt
Reykjavíkur.

1962 14/6 í Keflavík: Sátt, 290 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.

1962 9/11 í Keflavík: Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur ökurétt-
indum í 6 mánuði frá 27/9 1962 fyrir brot á áfengis-
og umferðarlögum.

Málsatvik skulu nú rakin:

Um kl. 2325 fyrir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 22. júní
1963 veittu lögreglumenn í eftirlitsferð bifreiðinni Ö 341 athygli
á athafnasvæði Bifreiðastöðvar Keflavíkur við Vatnsnesveg.

Þar sem bifreið þessi hafði ekki hlotið fullnaðarskoðun þess
árs, hafði lögregluþjónn tal af ákærða, sem hann taldi hafa verið
ökumann bifreiðarinnar.

Um það leyti, sem lögregluþjónninn talaði við ákærða, sá hann
vitnin Jóhann Ingabórs Ingason og Þráin Sigurðsson, bæði úr
Keflavík, fara inn í bifreiðina til ákærða.

Lögreglan fylgdist með ferðum bifreiðarinnar, og var henni
ekið suður Hafnargötu að Aðalstöðinni, en þar hlupu nefnd vitni
út úr bifreiðinni, en henni var síðan ekið aftur fyrir hús Aðal-
stöðvarinnar, og hvarf bifreiðin þar sjónum lögregluþjónanna.
Þeir fundu hana síðan mannlausa á Njarðargötu, en sú gata
liggur að athafnasvæði Aðalstöðvarinnar.

Þar eð lögreglunni þótti þetta háttalag ákærða og vitnanna
grunsamlegt, var vakt sett við bifreiðina og leit hafin að nefnd-
um mönnum.

Á Hafnargötu mætti lögreglan leigubifreiðinni Ö 65, og voru
vitnin í henni. Lögreglan stöðvaði bifreiðina, og fannst ákærði
þá einnig í henni, og hafði hann falið sig á gólfi bifreiðarinnar
framan aftursætis.

Við athugun lögreglu kom í ljós, að bæði vitnið Jóhann og
ákærði höfðu drukkið áfengi, og líklegt þótti, að þeir hefðu
báðir ekið, og var því farið með þá kl. 0030 til alkóhólrann-
sóknar, sem síðar sýndi 1.01‰ útfallsefna í blóði ákærða og
1.26‰ í blóði vitnisins. Síðan voru þeir tveir fluttir á lögreglu-

varðstofuna til yfirheyrslu, og var ákærði þá með bíllyklana á sér.

Ákærði neitaði í fyrstu að hafa ekið bifreiðinni og kvað vitnið Jóhann hafa gert það, en síðar kvaðst hann hafa ekið sjálfur.

Vitnið Jóhann kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni. Þá kvað vitnið ákærða hafa verið að drekka áfengi nokkru fyrir aksturinn í leigubifreiðinni R 3879, og hefði vitnið Valur Emilsson verið með þeim þar. Eftir þetta hefðu þeir farið að Sóltúni 2 hér í bæ og tekið þar bifreiðina Ö 341 og ákærði ekið henni að Bifreiðastöð Keflavíkur.

Ákærði viðurkenndi að hafa um kl. 1500 drukkið eitt glas af vínblöndu, er hann var að gera við bifreið sína Ö 341.

Lögregluvarðstjóri getur þess í skýrslu sinni, að eftir að þeir ákærði og Jóhann höfðu verið færðir í fangaklefa, hefði ákærði reynt að fá vitnið til að taka á sig sök í máli þessu, en vitnið lítið gefið út á það.

Vitnið Þráinn Sigurðsson bar, að hann hefði hitt þá ákærða og vitnið Jóhann um kl. 2200 í leigubifreiðinni R 3879, og hefðu þeir þá verið með hér um bil fulla lítersflösku af geneveráfengi og hefðu þeir neytt lítills áfengis í bifreiðinni, en lokið úr flöskunni skömmu seinna inni á matstofunni Vík. Vitnið kvað þá alla hafa drukkið úr flöskunni, og eitthvað hefðu þeir gefið öðrum af innihaldi flöskunnar. Um kl. 2300 hefðu þeir síðan farið úr veitingahúsinu og ekið í leigubifreiðinni Ö 33 að Sóltúni 2, en þar átti ákærði bíl sinn Ö 341. Í honum hefðu þeir farið að Bifreiðastöð Keflavíkur, og hefði ákærði ekið. Þar hefði lögreglan síðan haft tal af þeim. Gunnar hefði síðan ekið að Aðalstöðinni og þeir Jóhann farið þar úr bílnum og ákærði ekið brott. 10—15 mínútum síðar hefðu þeir síðan hitt ákærða á Hafnargötu og tekið hann inn í leigubílinn Ö 732, sem þeir voru komnir í. Ekki kvað vitnið þá hafa neytt þar áfengis. Nokkru síðar hefðu þeir farið í leigubílinn Ö 65, og kvað vitnið verið geta, að þar hefðu þeir tekið sinn hvern áfengissopann. Vitnið taldi 10—15 mínútur hafa liðið, frá því þeir fóru í bifreiðina Ö 65, til þess er lögreglan handtók ákærða.

Við dómsrannsókn bar vitnið Jóhann, að ákærði hefði fengið sér „einn sjúss“ úr geneverflöskunni, það vitnið sæi, umrætt kvöld, er þeir voru í leigubílnum R 3879 ásamt vitninu Val Emilssyni. Síðar um kvöldið hafi ákærði dreypt lítills háttar á áfengisflöskunni nokkrum sinnum, ekki hafi þó séð vín á honum. Á veitingahúsinu Vík hafi ákærði bætt víni á sig, lítills

háttar þó, en aðallega drukkið gosdrykk. Vitnið kveður þá síðan hafa farið í einhverjum bíl að Sóltúni 2 og ákærði þar tekið bíl sinn og ekið honum að Bifreiðastöð Keflavíkur. Lögreglan hefði komið þangað og fundið að því, að bíllinn væri ekki skoðaður lögboðinni skoðun bifreiðaeftirlitsins. Ákærði hefði síðan ekið að Aðalstöðinni og þeir Þráinn farið þar úr bílnum og farið í leigubíl. Eftir allanga stund hefði ákærði síðan komið í bíllinn til þeirra og þá drukkið áfengi með þeim. Þeir hafi því næst farið í annan leigubíl og ekið í honum, unz lögreglan handtók þá ákærða. Þá ber vitni þetta, að ákærði hefði og verið að áfengisdrykkju heima hjá sér um daginn 22. júní s.l., þ. e. daginn fyrir handtökuna. Vitni þetta kveðst fúst til að vinna eið að framburði sínum. Ákærði kom fyrir rétt og viðurkenndi að hafa drukkið sem svarar einu glasi af áfengisblöndu á matstofunni í Vík, er hann var þar með vitnunum Þráni og Jóhanni. Enn fremur viðurkenndi hann að hafa um kl. 3 síðdegis 22. júní drukkið smálögg af sterku víni. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Eitthvað kvaðst ákærði hafa drukkið af áfengi, eftir að hann lagði bílnum á Njarðargötu.

Vitnið Valur Emilsson bar í réttinum, að ákærði hefði ekkert áfengi drukkið í leigubílnum, meðan vitnið var þar, svo það sæi, og kveðst vitnið hafa farið úr leigubílnum, u. þ. b. 15 mínútum eftir að ákærði kom í bíllinn.

Vitnið Valgeir Jónsson leigubílstjóri kvaðst aka leigubílnum Ö 33 og kvaðst kannast við ákærða og vitnin Jóhann og Þráin, og hefði hann eitt sinn ekið piltum þessum að Sóltúni 2. Ekki kvaðst vitnið minnast þess, að þeir hefðu þá verið ölvaðir eða haft vín um hönd.

Vitnið Karl Sævar Baldvinsson leigubílstjóri kvaðst aka leigubílnum R 3879 og kannast við ákærða og vitnin Jóhann, Val og Þráin. Vitnið kvaðst hafa ekið þeim um kl. 9—10 að kvöldi „fyrir nokkru“ frá Smárabar og að veitingahúsinu Vík. Vitnið kvað sig minna, að Þráinn hefði verið ölvaður.

Ákærði kom enn fyrir rétt og játaði að hafa ætlað að fá vitnið Jóhann til að taka á sig sök í málinu og gaf þá skýringu, að hann hefði verði hræddur um, að nú færi illa fyrir sér, því hann hefði drukkið áfengi, eftir að hann ók í umrætt sinn, svo sem hann hafi áður borið.

Skúli Thorarensen lögregluvarðstjóri kom fyrir rétt og bar undir eiðstilboði, að frumskýrsla sú, er hann gaf lögreglustjóra í málinu, væri sannleikanum samkvæm, og kvaðst vitnið sér-

staklega aðspurt minnst þess, að ákærði viðurkenndi fyrir honum að hafa um kl. 1500 umræddan dag drukkið eitt glas af áfengisblöndu. Þá kvað vitnið hafa liðið u. þ. b. 20 mínútur, frá því að lögreglan talaði við ákærða hjá Bifreiðastöð Keflavíkur, til þess er hann var handtekinn.

Vitnið Jóhann Sveinsson lögreglumaður kvaðst í réttarhaldi hafa í umrætt sinn verið með vitninu Skúla lögregluvarðstjóra í umferðareftirliti, er þeir gáfu ákærða áminningu fyrir að hafa ekki fært bíl sinn til skoðunar. Vitni þetta kvaðst hafa talað við ákærða við Bifreiðastöð Keflavíkur og ekki veitt neinum ölvunareinkennum á honum athygli, en er hann hafi verið handtekinn, hafi sér virzt hann ölvaður. Vitnið kveður um það bil hálfa stund hafa liðið, frá því það sá ákærða hjá Bifreiðastöð Keflavíkur, til þess er hann hefði verið handtekinn. Þá kvaðst vitni þetta hafa heyrt á tal þeirra ákærða og vitnisins Jóhanns, er þeir hefðu verið færðir í fangaklefa, og hefði ákærði þá verið að fá vitnið Jóhann til að taka sök á sig í málinu.

Ákærði kom enn fyrir rétt og kvað meira en 20 mínútur hafa liðið, frá því að lögreglan áminnti hann hjá Bifreiðastöð Keflavíkur, til þess er hann var handtekinn, og getur þess til, að þarna hafi liðið þrír stundarfjórðungar.

Vitnið Guðmundur Marínó Guðjónsson Herbertsson úr Keflavík kom fyrir rétt og vann eið að framburði sínum. Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða, er hann var í umrætt sinn með bíl sinn við Bifreiðastöð Keflavíkur, er lögreglan hafði tal af ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð vín á ákærða og ekki fundið áfengislykt af honum. Ekki kvaðst vitnið hafa heyrt, hvað lögreglan sagði við ákærða.

Svo sem nú er rakið, er sannað með játningu ákærða og á annan hátt, að ákærði ók bílnum Ö 341 um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1963 frá Sóltúni 2 í Keflavík um götur þar, m. a. Vatnsnesveg, Hafnargötu og Njarðargötu, þótt hann hefði nokkru áður verið að áfengisdrykkju, og telst hann með því hátterni hafa brotið 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þykir ákærði með þessu hafa unnið sér til refsingar, sem með tilliti til þess, að um ítrekað brot hans er að ræða, telst hæfileg 15 daga varðhald.

Þá ber og að svipta ákærða ökuréttindum með dómi, og skal ökuréttindasviptingin vara ævilangt frá 23. júní 1963 að telja,

en þann dag svipti dómari ákærða ökuréttindum til bráðabirgða.

Ákærði greiði allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, hr. Vilhjálms Þórhallssonar héraðsdómslögmanns, sem hæfileg ákveðast kr. 1.600.00.

Hákon Heimir Kristjónsson kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Gunnar Guðbjörnsson sæti fimmtán daga varðhaldi.

Hann skal sviptur ævilangt ökuréttindum frá 23. júní 1963 að telja.

Hann greiði allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.600.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. október 1964.

Nr. 27/1964. **Kristján B. Magnússon**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Íslenzkum aðalverktökum s/f

(Vilhjálmur Árnason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. febrúar 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 117.920.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1959 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur